

Dags. 31.1.2012

**Fundargerð**  
**brunavarnarnefndar Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps**

**31. janúar 2012.**

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps og mætt þar kl. 16:30. Mættir voru allir nefndarmenn: Arnór Benónýsson, Helga A. Erlingsdóttir og Hólmgeir Hallgrímsson og auk þess slökkviliðsstjóri, Bjarni Höskuldsson.

Áður en formlegur fundur hófst fór nefndin til að skoða slökkvistöð Skútustaðahrepps, sem er til húsa í afar litlu húsnæði við Múlaveg. Rétt að hún nær að hýsa slökkviliðsbílinn, sem er gamall, stór, þungur og afar hægfara að sögn kunnugra.

Fundurinn hófst síðan kl. 17:00.

**1)** Formaður nefndarinnar, Arnór Benónýsson setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Kom fram í máli hans að það er ljóst að huga þarf að endurbótum á húsnæði og búnaði í Mývatnssveit og voru aðrir nefndarmenn sammála því að þar þyrfti að gera verulegar úrbætur. Þá gat hann þess að þessi fundur væri aðallega haldin til að fá yfirlit yfir stöðu mála hjá slökkviliðsstjóra sbr. fundarboð og gaf síðan slökkviliðsstjóra orðið.

**2)** Slökkviliðsstjóri greindi frá því að nú stæði til boða fjarnám – grunnám fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn. Aðstaða til náms er á Laugum í húsnæði Urðarbrunnis. Þar gætu slökkviliðsmenn mætt hálfsmánaðarlega og unnið sameiginlega að náminu. Sífelld auknar kröfur eru gerðar til slökkviliðsmanna um að þeir sækji námsleið og afli sér réttinda. Með fjölgun stærri bygginga, t.d. hótélbygginga o.fl. og fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum bæði á Þeistareykjum og í Bjarnarflagi eykst enn þörfin á vel þjálfaðu slökkviliði. Nú þegar eru 5 – 6 manns búnir eða að ljúka vissu réttindanámi með því að hafa sótt námskeið og farið í læknisskoðun sem mælir það hvort viðkomandi hafi getu til að bregðast við þeim aðstæðum sem koma upp við eldsvoða. Þar má t.d. nefna námskeið í reykköfun. Nefndar menn því hlynntir að slökkviliðsmenn sækji sér tilskilin réttindi sem kostur er.

**3)** Þá gat slökkviliðsstjóri þess að búnaður sá sem keyptur hafi verið fyrir það tryggingafé sem fékkst eftir „ozone-slysið“ í húsnæði slökkviliðsins á Kvíhólsmýri sé kominn og verði honum komið fyrir þar alveg á næstunni og standa vonir til þess að því verði lokið fyrir næstu mánaðamót. Slökkviliðsstjóri er að gera skýrslu til brunamálayfirvalda um búnað slökkviliðsins.

**4)** Þá þarf að endurnýja brunavarnaráætlun þó hún sé ekki gömul vegna fyrirhugaðra nýrra framkvæmda, s.s. virkjana og jarðganga og fleiri framkvæmda svo og vegna tilkomu Verndaráætlunar vegna Laxár og Mývatns.

**5)** Slökkviliðsstjóri hefur haft samband við forystu félaga sauðfjárnænda og kúabænda til að koma á umræðu um eldvarnir í útihúsum, sbr. fundargerð frá 6. des. s.l., og áætla að hægt verði að koma á kynningum þar að lútandi í framhaldinu. Það eru auknar kröfur um eldvarnir þarna sem annars staðar.

**6)** Slökkviliðsmenn hafa heimsótt Laxárvirkjun og Kröfluvirkjun og haldið æfingar með starfsfólki þar.

**7)** Kominn er tími á að gera kort og/eða endurnýja yfir öll vatnsból á svæðinu með tilliti til aðgengi að vatni fyrir slökkviliðið ef á þarf að halda. Björgunarsveitirnar hafa tekið vel í að vinna að þessum málum með slökkviliði.

**8)** Mengunarvörnum þarf að sinna og er það stórt verkefni að koma skikki á þau mál. Slökkviliðsstjóri ræddi það að sameiginlegum mengunarbúnaði, reykköfunartækjum og

loftbankabúnaði sveitarfélaganna í sýslunni verði komið fyrir í húsnæði slökkviliðsins að Iðjugerði í Aðaldal. Þó er ljóst að gera þarf úttekt á mengunarvarnarbúnaði á svæðinu og bæta við það sem á vantar í þeim efnum eins og frekast er unnt.

Stefnt er að fundi um næstu mánaðamót. Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.